

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1 mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um Iðnlánasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24 8. maí 1965, um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964.

Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 8. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar Íslands og Fiskifélags Íslands skal ráðherra heimilt með reglugerð að veita vélbátum allt að 200 brúttó-rúmlestum að stærð leyfi til togveiða á tímabilinu 1. jan. til 30. apríl 1969 innan fiskveiðilandhelginnar, þannig: Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Horni (grunnlínupunktur nr. 1), og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í norður frá Rauðanúp (grunnlínupunktur nr. 6), allt að 4 sjómílum frá línu, sem dregin er á milli grunnlínupunkta. Þó skal við útgáfu veiðileyfa verða tekið tillit til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúp vestur að Gjögurtá. Á svæði, sem takmarkast að vestan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í vestur frá Garðsskaga, og að austan af línu, sem dregin yrði réttvísandi í suður frá Stokksnesi (grunnlínupunktur 19), allt að 3 sjómílum frá strandlengju.